

Hnútur eða hnúður

Nodus, nodulus

Ari Jóhannesson, læknir á Landspítala, hitti undirritaðan á förnum vegi og gat þess að hann væri ekki fyllilega sáttur við umfjöllunina um ensku heitin **nodus** og **nodulus** í næstsíðasta pistli (Læknablaðið 2006; 92: 645). Mikið rétt! Umfjöllunin var afar takmörkuð. Það var til dæmis ekki birt tilvitnun í Íðorðasafn lækna, en þar eru tilgreindar þýðingar á **nodulus**: **hnökri**, **arða**, **hnúður**. Undirritaður hafði þar að auki áður samþykkt í óformlegri viðræðu við Ara að orðið **hnúður** væri líklega betra en **hnútur** til að tákna litla fyrirferðaraukningu í vef eða líffæri. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem undirritaður kemur sjálfum sér í bobba vegna þessara heita. Í 52. og 53. pistli má lesa meira um það. Loks var ekki tekið á því lykil-atriði í upphaflegu erindi Ara að íslenska orðið **hnútur** væri mikið notað í formlegu og óformlegu læknamáli um fyrirferðaraukningar af ýmsu tagi.

Hnútur

Íslensk orðabók Eddu birtir nokkrar skýringar á nafnorðinu **hnútur** og eru þessar helstar: 1. *bragð á bandi eða festi*; 2. *hnúskur*; *hnúður*; 3. *hraðfara alda, ólag*; 4. *snögg vindhviða*; 5. *mælieining um hraða*; 6. *skrautflúr (bókahnútur)*. Orðið kemur víða fyrir í samsettum fræðiheitum í Íðorðasafni lækna, allt frá **amputation neuroma**, **aflimmunartaugahnútur**, til **xanthoma**, **fituhnútur**. Þá er enska nafnorðið **lump** skýrt þannig í Íðorðasafninu: *hnútur*. Sérhver fyrirferðaraukning í vef. Undirritaður hefur það einmitt á tilfinningunni að nafnorðið **hnútur** sé mikið notað í klínísku talmáli um litlar fyrirferðaraukningar ívefjum og líffærum. Orðsifjabókin vísar til skyldleika við nafnorðin **hnjótur** (smáhæð, barð, þúfa, ójafna, arða) og **hnúta** (leggjarhöfuð, hnýfilyrði, hnúður, kvistur, horn, hyrna).

Hnúður

Íslenska orðabókin birtir sömuleiðis margar skýringar á **hnúður**: 1. *kryppa*, *kúla*, *hnúskur*, *kylfa*, *kýli*, *hnútur*; 2. *hryggjarliður úr hval*; 3. *hnúði*, *hnúfubakur*; 4. *neðsti hluti stönguls* (á **hnúðjurt**). Orðið kemur einnig fyrir í nokkrum samsettum heitum í Íðorðasafninu, frá **cuspis dentis**, **tannhnúður**, til **satellite**, **fylgihnúður**, sérstaklega þó þar sem latneska orðið **granuloma** er hluti af erlenda fræðiheitinu, sbr. **granulomatous inflammation**, **hnúðabólga**. Orðsifjabókin vísar til skyldleika við nafnorðin **hnoð** (hnykill, hnýti, hnoðri) og **hnoðri** (e-ð lítið, létt og hnykillaga).

Hvort er betra?

Í bókinni Orðastaður, orðabók um íslenska málnotkun, eftir Jón Hilmar Jónsson, má meðal annars finna eftirtalin orðadæmi: *beinhnútur*, *bólguhnútur*,

frostbólguhnútur, *graftarhnútur*, *giktarhnútur*, *sinahnútur*, *taugahnútur*, *æðahnútur* og síðan einnig *beinhnúður*, *brjóskehnuður*, *sigghnúður*, *fituhnúður*, *bólguhnúður*, *kirtilhnúður*, *rótarhnúður*. Ekki verður af þessu greint að merkingarmunur á **hnútur** og **hnúður** sé mikill, né að annað sé betra en hitt til að tákna afmarkaða fyrirferðaraukningu í vef eða líffæri. Samkvæmt Orðabók Háskólans hefur það verið þannig notað frá 17. öld. Það, sem menn hafa einkum haft við orðið **hnútur** að athuga, byggist líklega á þeim skilningi að nafnorðið **hnútur** merki fyrst og fremst *bragð á bandi eða festi*.

Granuloma

Undirritaður vill þó leggja áherslu á þá stefnu, sem mörkuð var af orðanefndinni á sínum tíma, að orðin **bólguhnúður** og **hnúðabólga** séu notuð sértækt til að vísa í **granuloma** (bólgufrumuhreiður, gert úr stórum átfrumum og eitilfrumum og oft með margkjarna risafrumum) og **granulomatous inflammation** (bólgufrumuiferð, oftast krónísk, sem einkennist af bólguhnúðum).

Allostatic

Frá lyfjafyrirtæki kom fyrirspurn um hvort til væru í íðorðasafninu íslensk heiti til að nota um **allostatiska systemer** og **homeostatiska systemer**. Svo reyndist ekki vera með beinum hætti. Orð fyrir **homeostasis** (steady state) er vissulega til, **samvægi**, og **system** er einfaldlega **kerfi**. Heitið **allostasis** fannst hins vegar ekki í tiltækum læknisfræðiorðabókum. Orðið er komið úr grísku, þar sem **allos** merkir *annar* eða *öðru vísi*, en **stasis** merkir *kyrrstaða* eða *óbreytt ástand*. Eftir nokkurt grúsk á netinu þóttist undirritaður komast að því að heitið **allostasis** væri notað um aðlögunarferla sem leiddu til nýs jafnvægis eftir ytra álag.

Því voru lögð fram íslensku heitin **aðlögunarkerfi** fyrir allostatic system og **samvægiskerfi** eða **jafnvægiskerfi** fyrir homeostatic system.

Cerclage

Í pistlum 187 og 190 var rætt um íslenskt heiti á band, sem hnýtt er umhverfis legháls til að koma í veg fyrir fósturlát við leghálsbilun. Þorvaldur Ingvason, bæklunarlæknir á FSA, sendi tölvupóst til að benda á að heitið **cerclage** væri einnig notað um vír, sem hringaður er um bein til festingar. Af þeim heitum, sem stungið var upp á, **hringband**, **hringsaumur**, **leghálsband**, **leghálshaft**, **leghálsaumur** og **loksumur**, fannst honum aðeins **hringband** og **hringsaumur** koma til greina í sinni sérgrein. Ekkert hefur enn heyrst frá kvensjúkdómalæknum.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannahj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir á Landspítala Hringbraut.